



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 80. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 2. febrúar 2009 kl. 15:30, í húsakynnum Samorku.

Mætt: Auður Andrésdóttir, Ásgeir Margeirsson, Bjarni Pálsson, Gústaf Adolf Skúlason, Jónas M. Matthíasson og Ragna Karlsdóttir. Forföll boðuð: Ólafur G. Flóvenz. Einnig sat fundinn Eldur Ólafsson, starfsmaður GGE.

1. Fundargerð síðasta fundar.
Fyrirliggjandi drög samþykkt.

2. WGC 2015.

GAS kynnti stöðu á umsóknarvinnunni. Meðal annars ákveðið að stefna að stofnun sérstaks hlutfélags um framkvæmdina, verði JHFÍ útlhutað henni. Einnig að JHFÍ setji fyrirvara við nokkur atriði í drögum að samstarfssamningi við IGA sem varða fjármál og skipulagleg atriði, lýsi sig ekki sannfært um að þau þurfi að vera eins og lagt er upp með í drögnum. ÁM skrifar fylgibréf með ósk um yfirlýsingar um fjárhagslega ábyrgð á framkvæmd WGC 2015, GAS leggur fyrst fyrir stjórn Samorku. Von á gögnum frá Congress Reykjavík um salarleigu o.fl. kostnaðartölur auk skipulagsatriða. Búið að bóka Laugardalshöll og hótelin í kring síðustu heilu vikuna í apríl 2015, til bráðabirgða.

3. Aðalfundur JHFÍ 2009.

Áfram stefnt á 21. apríl. Ljóst að GAS, JM og RK þurfa endurnýjað umboð aðalfundar, vilji þau halda áfram í stjórn. Önnur möguleg framboð reifuð. JM kynnti drög að ársreikningi og fjárhagsáætlun. Innheimta félagsgjalda vegna 2008 stendur ennþá yfir, fjárhagsstaðan ágæt enda útgjöld mjög lítil. JM kynnir uppfærð drög á næsta stjórnarfundum.

4. Vefur JHFÍ.

AA og GAS búið að fá kennslu í notkun nýja vefstýrikerfisins og vefurinn að mestu tilbúinn, utan við ráðstefnuritin sem AA mun nálgast og setja inn. Opnun á að geta orðið eigi síðar en á aðalfundi. GAS sendir link og lykilorð á stjórnarmenn, sem geta þá skoðað vefinn í drögum.

5. Önnur mál.

WGC 2010. Ákveða þarf fyrir lok apríl hvort fyrirtæki / stofnanir verði með bás. ÍSOR stefnir á að verða með bás, aðrir ekki ákveðnir. Hugmyndir um samstarf ræddar og ákveðið að stjórnarmenn kanni hugsanlegan áhuga á samstarfi um íslenskan bás, innan sinna fyrirtækja og hjá fyrirtækjum þeim tengdum. Ljóst að talsvert verður af erindum frá Íslandi.

Næsti fundur miðvikudaginn 25. febrúar kl. 15.30, húsakynnum Samorku, þar sem staðan á tilboðsgerð vegna WGC 2015 verður til umfjöllunar, sem og aðalfundur og ársreikningur, vefurinn o.fl. Ljóst að ekki verður full mæting 25. en nauðsynlegt að koma saman a.m.k. til að ganga frá umsókn vegna WGC 2015.

Fundi slitið kl. 16:45.

Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari
